



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**44. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 2. október 2023
og hófst hann kl. 11:15.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Orri Vignir Hlööversson, Svana Helen Björnsdóttir, Valdimar Víðisson, Jón Viggó Gunnarsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2024 - 2307010

Framhald umræðu 43. fundar. Fyrirliggjandi eru drög að fjárhagsáætlun Sorpu bs. vegna ársins 2024 og rekstraráætlun vegna 2024-2028. Fjármálastjóri Sorpu bs. kynnir. Umræður.

Gestir

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og þróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Áfram verður unnið að endanlegri tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2024 sem verður tekin fyrir á næsta eigendafundi að undangenginni afgreiðslu stjórnar Sorpu bs.

2. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Fyrirliggjandi er forúrskurður Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 16. maí 2023, en hann var ásamt minnisblaði frá Mörkinni lögmannsstofu lagður fram á 482. fundi stjórnar Sorpu bs. hinn 16. júní 2023, um ætlaða ólögmæta ríkisaðstoð við Sorpu bs. i formi almennrar undanþágu frá tekjuskatti, en LMG lögmenn slf. vinna að málinu f.h. Sorpu bs. Theódór Kjartansson frá embætti borgarlögmans kynnir.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og þróunarstjóri Sorpu bs.

Theódór Kjartansson frá embætti borgarlögmans.

Niðurstaða:

Forúrskurður Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) verði kynntur fyrir Stefnuráði byggðasamlaganna enda megi ætla að málið hafi áhrif á framtíðarstefnumótun Sorpu. Þá verði Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH tengiliður eigenda



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

vegna málsins m.a. með tilliti til upplýsingagjafar. Embætti borgarlögmanns komi þá áfram að málinu eftir þörfum eins og verið hefur.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026